

**44. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
23. ágúst 2017 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Ingbór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Hörður Ó. Helgason varamaður og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fyrir tekið:

1. 1708009 - Steampunk Iceland ævintýrahátíðin

Styrkumsókn vegna Steampunk Iceland ævintýrahátíðarinnar sem haldinn var í fyrsta sinn hér á Akranesi 18.-20. ágúst sl.

Hörður Óskar Helgason vikur af fundi.

Menningar- og safnanefnd fagnar framtakinu og samþykkir að veita verkefninu styrk að upphæð 100.000 kr. af þeim fjármunum sem nefndin hefur til umráða.

2. 1703129 - Sjómannadagurinn 2017

Stutt kynning forstöðumanns á framkvæmd viðburðarins.

Hörður Óskar Helgason kom aftur inn á fund.

Menningar- og safnanefnd þakkar forstöðumanni góð störf í tengslum við undirbúning og framkvæmd viðburðarins.

3. 1703214 - 17. júní 2017

Stutt kynning forstöðumanns á framkvæmd viðburðarins.

Menningar- og safnanefnd þakkar forstöðumanni góð störf í tengslum við undirbúning og framkvæmd viðburðarins.

4. 1703036 - Írskir dagar 2017

Stutt kynning forstöðumanns á framkvæmd viðburðarins.

Menningar- og safnanefnd þakkar forstöðumanni sérstaklega góð störf í tengslum við undirbúning og framkvæmd viðburðarins og góð tengsl við veðurguðina.

5. 1707027 - Menningarnótt - Akranes heiðursgestur

Stutt kynning forstöðumanns á framkvæmd viðburðarins.

Menningar- og safnanefnd þakkar forstöðumanni góð störf í tengslum við undirbúning og framkvæmd viðburðarins.

6. 1708047 - Minjar frá SR



Formaður menningar- og safnanefndar kynnir hugmyndir varðandi minjar SR.

Menningar- og safnanefnd felur formanni nefndarinnar og forstöðumanni að vinna áfram að málinu í samráði við viðeigandi aðila.

7. 1707013 - Skagamenn - fólkið sem byggði bæinn á Akranesi

Bæjarráð vísar erindi til umsagnar í menningar- og safnanefnd.

Menningar- og safnanefnd sér ekkert því til fyrirstöðu að farið verði í viðræður um samstarf um þessa útgáfu.

8. 1708141 - Bókagjöf Sr. Björns Jónssonar

Óskað er eftir heimild til að selja þær bækur úr gjöf séra Björns heitins sem ekki nýtast Bókasafni Akraness. Þetta eru um 6.000 bækur, blöð, bæklingar sem hafa verið í geymslu frá því að gjöfin var yfirfarin.

Menningar- og safnanefnd veitir heimild til sölu verkanna enda verði andvirði varið í viðgerðir/forvörslu á verkum í Björnssafni.

9. 1708151 - Framtíð flygils sem er staðsettur á Bókasafni Akraness

Forstöðumaður kynnir stöðu flygilsins.

Flygillinn var fengin að láni hjá Bíóhöllinni á Vökudögum 2014 og hefur staðið á bókasafninu síðan. Formanni menningar- og safnanefndar er falið að finna flyglinum nýjan stað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50.

Guðrún S. G.
H. T. D. Helguson
Guðrunn S. G.
T. O. P. S. P. E. L. L. L. L.
Helga Kristín Björgólfsd.
Elle Mána Guðnarsd.